



Reykjavík 5. október 2020

Efni: Fjöldatakmarkanir vegna neyðarstigs- menningarstarfsemi

Neyðarstig almannavarna vegna COVID-19 hefur tekið gildi og því mikilvægt er að hafa í huga almennar sóttvarnaráðstafanir. Starfsfólk er hvatt til að sinna þrifum vel á sínum starfsstöðvum.

Fjöldatakmörkun vegna neyðarstigs almannavarna tekur gildi 5. október 2020 og gildir til 19. október, en aflétting eða framlenging á henni verður endurmetin af stjórnvöldum.

Almenna reglan er sú að ekki megi koma fleiri saman en 20 einstaklingar í sama sóttvarnarhólfi. Í menningarstarfsemi er þessu tvískipt annars vegar í sitjandi viðburði og hins vegar söfn og aðrir opinberir staðir

### Sitjandi viðburðir

Við viðburði þar sem allir sitja verði gerð krafa um númeruð sæti og nafn gesta verði skráð. Heimilt verði að hafa 100 manns í hólfi. Áhorfendum er skylt að nota andlitsgrímur.

### Söfn og aðrir opinberir staðir

Tryggt að farið sé eftir 20 manna fjöldatakmörkunum, bil milli ótengdra aðila sé yfir einn metri. Að öðrum kosti verði skylt að bera andlitsgrímur.

Við hvetjum alla að fylgjast vel með leiðbeiningum sem koma frá landlækni og heilbrigðisfólki varðandi sóttvarnir, almenna umgengni og þrif þ.e.:

- Gæta vel að hreinlæti, þvo hendur reglulega með sápu og nota handspritt.
- Ef notaðir eru hanskar þarf að skipta oft um þá og hreinsa hendur fyrir og eftir hankanotkun.
- Forðast snertingu við augu, nef og munn.
- Hugið vel að yfirborðsflötum t.d. hurðahúnum, handriðum, lyftuhnöppum, snertiskjám, lyklaborðum, tölvumúsum, greiðsluposum og ljósarofum.
- Ákjósanlegt er að einn starfsmaður noti eina starfsstöð heila vakt og hreinsi helstu snertifleti áður en annar tekur við starfsstöðinni.
- Minna gesti bókasafna á handhreinsun og tveggja metra regluna með skiltum og merkingum við afgreiðsluborð og sjálfsafgreiðslustöðvar.

- Mikilvægt er að aðgengi að handspritti fyrir starfsmenn og gesti sé gott.

Ekki hafa í boði leikföng, dagblöð eða tímarit til að lesa á staðnum og ekki bjóða upp á kaffi, loka setustofum o.s.frv.

Sértækar leiðbeiningar eru fyrir starfsfólk bókasafna eru þær að finna [hér](#).

Eftirfarandi leiðbeiningar eru enn í gildi.